



Skipulags- og byggingardeild Kópavogs
b.t. skipulagsstjóra
Digranesi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 14.03.22

Efni: Umsögn Veitna vegna breytinga á deiliskipulagi við Hörðuvelli -Tröllakór

Veitur hafa rýnt breytingu á deiliskipulagi við Hörðuvelli/Tröllakór. Um er að ræða breytingu sem felst í að afmörkun skipulagssvæðisins er breytt til að koma fyrir skólagörðum og garðlöndum fyrir bæjarhlutann. Skipulagssvæðið stækkar úr 6,85 ha í um 7,7 ha, svæðið fyrir skólagarðana og garðlöndin er um 0,4 ha. Gert er ráð fyrir færanlegu aðstöðuhúsi að hámarki 30 m².

Veitur vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Rafmagnslagnir Veitna liggja um svæðið og óska Veitur eftir að tekið verði tillit til lagnanna við staðsetningu aðstöðuhúsi. Veitur benda einnig á að dreifikerfi hitaveitu er ekki til staðar á svæðinu.

Virðingarfyllt,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026